

02. September 2024

## STJÓRNARFUNDUR FORELDRAFÉLAGS FLATASKÓLA

Áttundi fundur vetrarins og jafnframt síðasti fundur stjórnar vetursins 2023-2024 var haldinn 2. September kl. 19.30 og fór hann fram í flataskóla.

### Mæting :

Agnes Eva Sch. Gísladóttir sem ritar fundargerð, Guðrún Yrsa Richter ,Helgi Davíð Björnsson og Lydia Ruth Þrastardóttir.

### Efni fundarins :

Farið var yfir þörf á að auglýsa eftir fólki í stjórn og varastjórn foreldrafélagsins. Agnes mun senda póst á Hönnu skólastjóra og óska eftir að hún auglýsi eftir fólki í stjórn. Eins mun foreldrafélagið óska eftir því að aðalfundur verði haldinn sem fyrst svo hægt sé að hefja skipulag á viðburðum fyrir komandi skólaár sem fyrst..

Skólinn óskaði eftir að foreldrafélagið myndi kaupa nýja bolta fyrir skólann. Stjórnin samþykkti að greiða fyrir tvo fótbolta, tvo körfubolta, tvo brennibolta fyrir hvern árgang í skólanum. Einnig óskaði skólinn eftir þráðlausum míkrafón í hátíðarsalinn sem var einnig samþykkt.

Komið var inn á mikilvægi þess að hafa fræðslu um samskipti fyrir nemendur í 5, 6 og 7 bekk sem var farið yfir í vor og samþykkt, Agnes mun heyra í Hönnu hvort það hafi ekki verið búið að bóka Bjarna Fritz í núna í haust.

Guðrún mun gera skýrslu stjórnar fyrir aðalfund, þar sem verður farið yfir störf foreldrafélagsins á liðnu skólaári og koma með á aðalfundinn..

Lydia Ruth Þrastardóttir, gjaldkeri og Guðrún Yrsa Richter hafa ákveðið að halda ekki áfram í stjórn foreldrafélagsins á komandi skólaári og vantar því m.a. að fá nýjan einstakling til að taka við hlutverki gjaldkera í foreldrafélaginu á komandi skólaári. Einnig er nauðsynlegt að fá 1-2 foreldra á árgang í stjórn foreldrafélagins. Agnes mun senda póst á núverandi stjórn og athuga hverjir ætla sér að halda áfram.

**Næsti stjórnarfundur :** Dagsetning verður ákveðin eftir aðalfund.

**Efni næsta fundar :** Skipulag vetrar 2024-2025, Halloween, Bingo - spurning hvort sé hentugt að hafa eitt kvöld í stað tveggja, leggja áherslu á að foreldrar mæti með börnin sín, hækkun á gjaldi.

**Fundi slitið kl. 20:30.**